

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 154/2002

frá 8. nóvember 2001

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/1999 frá 26. febrúar 1999 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að útvíkka samvinnu samningsaðila þannig að hún taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1513/2002/EB frá 27. júní 2002 um sjöttu rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna sem ætlað er að stuðla að sköpun evrópsks rannsóknasvæðis og nýsköpun (2002 til 2006) ⁽²⁾.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til að þessi útvíkkaða samvinna geti hafa átt sér stað frá gildistöku sjöttu rammaáætlunarinnar 2002 til 2006.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. mgr. 1. gr. í bókun 31 við samninginn:

„- **32002 D 1513:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1513/2002/EB frá 27. júní 2002 um sjöttu rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna sem ætlað er að stuðla að sköpun evrópsks rannsóknasvæðis og nýsköpun (2002 til 2006) (Stjtið. EB L 232, 29.8.2002, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 148, 22.6.2000, bls. 54 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 22.6.2000, bls. 54.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 232, 29.8.2002, bls. 1.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á fyrsta degi eftir að síðasta tilkynningin berst EES-nefndinni samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins (*).

Hún kemur til framkvæmda frá gildistöku sjöttu rammaáætlunarinnar 2002 til 2006.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.